

Minnisblað um úrgangsmál

Almennt um meðhöndlun úrgangs:

Í sameinuðu sveitarfélagi í A-Hún er gert ráð fyrir að stuðst verði við þá meginstefnu í úrgangsmálum sem mótuð hefur verið á síðustu árum í anda svokallaðs hringrásarhagkerfis, að líta beri á allt efni sem auðlindir sem nauðsynlegt sé að nýta sem best. Í samræmi við það hefur verið litið á úrgangsmál sem málaflökk sem væri að þróast frá því að snúast um lausnir á úrgangsvanda yfir í umræðu um bættu auðlindanýtingu í anda hringrásarhagkerfisins.

Meðal þeirra markmiða í úrgangsmálum sem vænta má að fest verði í lög á næstu árum og tengjast hringrásarhagkerfishugsun má nefna að fyrir árið 2030 er líklegt að gerð verði krafa um að:

- Endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs verði amk 65%
- Endurvinnsluhlutfall umbúðaúrgangs verði amk 75%
- Að hámarki 10% heimilisúrgangs verði ráðstafað til urðunar.
- Bann verði sett við urðun flokkaðs úrgangs þ.m.t. lífræns úrgangs
- Hagrænum hvötum verði beitt til að sporna gegn urðun, m.a. með opinberum gjöldum
- Kerfi sem miða að endurheimt og endurvinnslu verði studd sérstaklega til að sinna hlutverki sínu.

Til að ná þessum markmiðum þurfa einstaklingar, heimili, fyrirtæki og opinberir aðilar að standa saman að breyttum aðferðum og leiðum við meðhöndlun úrgangs. Í sameinuðu sveitarfélagi þurfi því að leggja áherslu á fræðslu um úrgangsmál, aukna flokkun og bættu meðferð alls úrgangs með það að markmiði að nýta öll aðföng með eins sjálfbærum hætti og kostur er.

Þrátt fyrir bættu meðhöndlun, aukna endurvinnslu og endurnýtingu er gert ráð fyrir að eyðing ákveðinna úrgangsflokka verði óhjákvæmileg og því gert ráð fyrir að urðunarstaðurinn í Stekkjarvík verði nýttur a.m.k. fram til ársins 2038. Þar verði áfram lögð áhersla á vönduð og fagleg vinnubrögð við afsetningu úrgangs og tryggt eins og kostur er að hann valdi ekki frekari umhverfisáhrifum en sem leiðir af staðsetningu hans í urðunarhólfinu.

Sameinað sveitarfélag í A-Hún yrði einn af eigendum urðunarstaðarins í sameiginlegu byggðarsamlagi með skagfirsku sveitarfélögum með um 32% hlutdeild. Auk samstarfs á þeim vettvangi mun sameinað sveitarfélag þurfa að eiga í samstarfi með sveitarfélögum á Norðurlandi um lausnir og stefnur í úrgangsmálum meðal annars sem aðili að [Svæðisáætlun um förgun úrgangs](#) á Norðurlandi 2015-2026.

Söfnun og flokkun úrgangs

Í þeim fjórum sveitarfélögum sem lagt er til að sameinist eru þrjár móttöku og endurvinnslustöðvar fyrir úrgang. Hvert sveitarfélag fyrir sig hefur gert samning við Terra ehf um söfnun og móttöku en einhver munur er á skipulagi og áherslum í sorphirðu eftir sveitarfélögum. Gert er ráð fyrir að sorphirða, móttaka og flokkun verði samræmd ef af sameiningu verður en miðað við að aðlaga hana sem best að þeirri þjónustubörf sem er af byggðalegum eða atvinnulegum forsendum.

Flokkun úrgangs til endurvinnslu og endurnota er mismunandi innan svæðisins og reyndar á landinu öllu. Umhverfisráðherra hefur boðað að flokkun til endurvinnslu verði samræmd fyrir allt landið með reglugerðar- eða lagaákvæði og því gert ráð fyrir að sá þáttur komi frekar til framkvæmda en álita og reyndar hvort sem sveitarfélögin verða sameinuð eða ekki. Meðal annars eru allar horfur á að gert

verið skylt að flokka frá allan lífrænan heimilisúrgang og koma honum endurvinnslu í jarðgerðarstöð. Þessi úrgangsflokkur hefur ekki verið flokkaður sérstaklega í sveitarfélögunum en flest önnur sveitarfélög á Norðurlandi hafa hins vegar boðið upp á þá lausn og komið þeim úrgangi til jarðgerðar. Sterkustu röksemdir gegn urðun lífræns úrgangs eru að hann veldur mikilli metangasmyndun í urðunhólfum en metan hefur verulega neikvæð loftslagsáhrif.

Í sameinuðu sveitarfélagi er óhjákvæmilegt að sorphirðugjöld verði samræmd eins og aðrir gjaldflokkar sem geta verið mismunandi í núverandi sveitarfélögum.